

## Fundargerð

44. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, þriðjudaginn 22. september 2020 á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, , Eiríkur Mörk Valsson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 43 frestað. Tilkynnt Íslandsmet á milli funda.

### 2. Frjálsíþróttaping haustið 2020

Þinggögnin fóru út fös. 18.9, tveimur vikum fyrir þing. Hafnarfjörður fös. 2. okt – lau. 3. okt. Rætt um undirbúning og sóttvarnir. Formaður gerði grein fyrir tillögum um heiðranir skv. tillögum orðunefndar. Allt gert með fyrirvara um reglur um hópamyndun á almannfæri sbr. reglugerð heilbrigðisráðherra.

### 3. Ímyndarmál

Formaður og meðstjórnandi gerðu grein fyrir vinnu starfshópsins, sem er komin í vinnslu, sem, framkvæmdastjóri lýsti. Gert ráð fyrir að nýtt merki verði kynnt á ársþinginu.

### 4. Mótahald 2020 - Lokaskref

Rætt um þau mót sem eru á ábyrgð FRÍ og eftir eru skv. dagskrá m.a. HM í ½ maraþoni, en einnig eru Meistaramót í heilu og ½ maraþoni og víðavangshlaupi svo og í 11-14 innanhúss. Allt sett fram með fyrirvara um Covid. Sérstöku keppnisári að ljúka og vonandi að 2021 verði betra í skipulögðu mótahaldi. Stjórn ítrekar að allir hafa lagt sig vel fram að skraddarasama móthald oft við erfiðar aðstæður og um leið bættist ofan á mjög bágborið ástand keppnisvalla víða, sem þó er ekki algilt.

### 5. Afreksmál 2020 – Seinni úthlutun

Afreksstjóri gerir grein fyrir yfirferð afreka. Gert er ráð fyrir að seinni úthlutunin lendi á borði nýrrar stjórnar.

### 6. Samstarf við Íþróttasamband fatlaðra

Formaður gerði grein fyrir umræðu og hugmyndum sem hafa farið á milli aðila. Gert er ráð fyrir að málið verði tekið áfram inn á borð nýrrar stjórnar.

### 7. Önnur mál

- Mannvirkjamál. Gert grein fyrir vinnu mannvirkjanefndar FRÍ sem send var ÍTR.
- Breiðablik. Fundur um aðstöðumál fór fram og mun Breiðablik senda þingsályktun sem fjallað verður um á ársþingi.
- Ákveðið að síðasti fundur stjórnar nr. 45 (með fyrirvara) verði þri. 29. sept. kl. 16.30.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:55 með því að spilað var lagið „Reyndu aftur“ með Mannkorn frá 1977 og fundarmenn sungu með af innlifun.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*